





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022 - Náma í Merkurhrauni



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.



Breytt Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur verið samþykkt samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 13.1.2016

Björg Harðardóttir
Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 25.01.2016

Björk Björnsdóttir, *Björk Björnsdóttir*
Sveitarstjórn

Breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 - 2022 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

SKÝRINGAR

Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Býli / eyðibýli
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Ár og vötn
- Námur (E) og Haugsvæði (H)

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir

Veitur

- Háspennulínur 220kV og stærri
- Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv
- Stofnæð hitaveitu
- Fjarskiptamastur
- Ljósleiðari
- Stofnæð vatnsveitu

Vörnd

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- Hverfisvernd vegna náttúruminja
- Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla

Mörk

- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í landi Galtalækur 2 (landnr. 192113) í Landsveit. Gert er ráð fyrir að setja inn námu sem verði fyrst og fremst nýtt til vegagerðar þar sem lagfæra þarf Landveg, nr. 26. Í gildandi Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem opið óbyggt svæði.

Sveitarstjórn setur fram í meginmarkmiðum aðalskipulags að stuðla skuli að hagkvæmstu lausnum í vegagerð til að bæta umferðar- og rekstraröruggi, ásamt því að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar og lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða. Þá skal tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda.

2. BREYTING AÐALSKIPULAGS

Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011.

Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.8 um efnistökusvæði. Áhrif á opið óbyggt svæði, kafla 4.9, eru það lítil að ekki þarf að breyta texta. Breyting er gerð á upprætti sveitarfélagsins.

2.1 Lýsing svæðis

Svæðið sem um ræðir er ofan byggðar í Landsveit, liggur rétt vestan Landvegar. Landið er fremur flatt, nánast ógróið sandorpið nútímahraun. Svæðinu hefur nú þegar verið raskað með efnistöku. Aðkoma að efnistökusvæðinu er af Landvegi nr. 26.

2.2 Ferli breytingar

Lýsing vegna breytingarinnar var kynnt til 10. sept. 2015. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, dags. 9. sept. Heilbrigðiseftirliti dags. 31. ágúst og Skipulagsstofnun, dags. 27. ágúst. Tillagan var kynnt, í samræmi við 2 mgr. 30 gr. skipulagslaga með auglýsingu, til 30. sept.

2. EFNISTÖKUSVÆÐI

Inn á upprátt sveitarfélagsins bætist nýtt efnistökusvæði E57. Í kafla 4.8 í greinargerð verður settur inn eftirfarandi texti: *E57; Bergnáma, unnið verður allt að 45.000 m³. Náman er í landi Galtalækur 2.*

3. UMFANG EFNISTÖKU

Stærð efnistökusvæðis er allt að 3 ha og gert er ráð fyrir að efnistaka geti verið allt að 45.000 m³, þykkt efnistöku getur verið allt að 5 m. Gengið verður frá svæðinu jafn óðum og leitast við að hafa yfirborð frágengins svæðis óreglulegt og í samræmi við svæðið umhverfis. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á svæðinu.

4. MAT Á UMHVÆRISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR

Náman er tilkynningaskyld í samræmi við 5. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000. Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breyttrar landnotkunar:

UMHVÆRISÁHRIF TIL TOLLÖGUNNAR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á				
VALKOSTIR	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufar og landslag	Heilsa og öryggi	Verndarsvæði og minjar
Breytt aðalskipulag	Efnistaka nálægt framkvæmda svæði stytir akstursvegalengdir. Bættar samgöngur efla ferðaþjónustu. Bættar samgöngur efla svæðið til útiveru, þ.á.m. til fristundabyggðar og atvinnusköpunar. Opið óbyggt svæði skerðist lítillega.	Námur hafa sjónræn áhrif - því stærri náma því meiri áhrif. Náman er í nútímahrauni.	Betri vegur bætt öryggi vegfarenda. Bættar samgöngur bæta öryggi íbúa.	Engar þekktar minjar eru á námusvæðinu.
Aðalskipulag 2010-2022	Slæmt ástand vega hefur áhrif á ferðaþjónustu og atvinnusköpun. Fara þarf lengra til að sækja efni til vegagerðar.	Engin áhrif. Svæðinu hefur þegar verið raskað.	Meiri umferð vörubíla ef sækja þarf efni um lengri veg.	Engar þekktar minjar eru á námusvæðinu.

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óviss áhrif Óveruleg áhrif

5. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Umferð um Landveg, nr. 26, er mikil, bæði vegna vikurflutninga og umferðar íbúa og ferðamanna. Bætt vegakerfi og þar með styrking Landvegar fellur vel að markmiði sveitarstjórnar um að bæta samgöngur m.a. til að auka umferðar- og rekstraröruggi. Bættar samgöngur styrkja atvinnulíf og ferðaþjónustu á svæðinu.

Svæðið sem um ræðir er uppblásið og ógróið hraun sem fyrrum var algróið og skógi vaxið, hluti svonefndra Landskóga. Hraunið er vind- og sandsorfið og í lægðum og bollum er vikur og sandur. Nú þegar er námuvinnsla á svæðinu, þar sem landeigandi tekur efni til eigin nota. Ekki er gert ráð fyrir að náman verði sýnileg af Landvegi. Leitað var álits Umhverfisstofnunar á efnistöknunni og gerir stofnunin ekki athugasemdir við námuvinnsluna, sbr. tölvupóst dags. 3. apríl 2013.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar að áhrif af fyrirhugaðri námuvinnslu séu takmörkuð og fremur lítil en endurbætur á Landvegi séu mjög brýnar og til hagsbóta fyrir samfélagið. Gerð er krafa um að vinnslu lokinni verði gengið frá námunni í samræmi við nærumhverfi svæðisins.



STEINSHOLT

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8614 SA104 Mkv: 1:50.000 Bláðstaerð: A2	Dags: 24.08.2015 Breytt:
Hannað: GG, ÁJ Teiknað: IS	Samþykkt:	